



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í opinberri heimsókn á Akranes**

15. desember 2022

Formaður bæjarráðs og aðrir bæjarfulltrúar,
ágætu Skagamenn
og aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég þá gestrisni og góðvild sem við höfum notið í heimsókn okkar í ykkar öfluga sveitarfélag. Við hjónin sendum einnig batakveðjur til Sævars Freys Þráinssonar bæjarstjóra sem veiktist í gær og gat því ekki verið með á ferð okkar um bæinn í dag. Já, við höfum ferðast víða innan bæjarmarkanna – og kannski má segja að maður hafi farið aðeins út fyrir þau. Ég segi ekki að það hafi verið notalegt að svamla í sjónum en hitt var heldur betur ljúft, að verma kroppinn hjá henni Guðlaugu eftir sundsprettinn. Það mannvirki á Langasandi er svo sannarlega magnað, frábært kennileiti sem laðar fólk með réttu hingað.

Ekki var síður gaman að kynnast starfsemi Fjöliðjunnar. Ég vona að framtíð hennar verði farsæl og björt hér á Skipaskaga, alveg eins og við eigum að huga vel að stöðum af svipuðu tagi annars staðar á landinu. Það borgar sig í bráð og lengd, hvað sem líður Excel-skjölum. Svo vil ég ekki láta hjá líða að þakka fyrir söng eldri borgara í morgun, auk notalegs hádegisverðar á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða.

Margt hefur breyst í tímans rás hér á Akranesi. Söguna rek ég ekki hér og nú, þið þekkið hana eflaust flest betur en ég. En fyrir nokkrum áratugum hefði tvennt kannski borið herra í heimsókn forseta hingað, sem sagt sement og sjómennsku. Verksmiðjan mikla tilheyrir nú fortíðinni og skorsteinninn sömuleiðis, annað kennileiti sem sást víða að, meðal annars frá Bessastöðum.

Og sú var tíð að Akranes var einn helsti útgerðarbær landsins. Þá sögu mætti hefja við landnám, hvenær sem það nú var, og stikla svo á stóru. Við gætum til dæmis staldrað við þegar Brynjólfur Sveinsson í Skálholti lét hefja útgerð frá Steinsvör fyrir biskupsstaðinn á sautjándu öld, svo þegar Haraldur Böðvarsson keypti sexæringinn Helgu Maríu árið 1906, og aftur þegar Akurnesingamiðin fundust um tveimur áratugum síðar og Skagamenn þurftu ekki lengur að gera út frá Suðurnesjum.

Já, sement og sjómennska einkenna ekki lengur Akranes. En gætum þá að þessu: Hér er samt mikill uppgangur. Hér er enn steipt í erg og gríð ef út í það er farið, híbýli og atvinnuhúsnæði rísa, bærinn vex í margar áttir. Og sjórinn er enn nærri, útvegur skipar enn sess í mannlífinu á sinn hátt. Við Eliza nutum þess að heimsækja bækistöðvar Skagans 3X og hver hefði trúað því á velmektarárum í útgerð hér að á Breiðinni yrði unnið að því að nýta þörunga til að grípa, binda og geyma kolefni á hafi úti? Running Tide virðist öflugt dæmi um það hvernig við getum nýtt nýjustu tækni og vísindi, mannkyni og móður jörð til hagsbóta. Þar sem áður var útgerð og fiskvinnsla geta fjölmörg ný sóknarfæri skapast.

Ekki vantar heldur fjörið í unga fólkið hér! Það fundum við fyrr í dag þegar við hittum grunnskóla- og leikskólabörn að máli, og sami ferski andblær lék um okkur og aðra í hinu nýja og glæsilega fimleikahúsi bæjarins. Ég stenst ekki heldur mátið og vitna í skilaboð frá skipuleggjendum heimsóknarinnar hér í bæ frá því í gær, eins og við hjónin fengum þau frá mínu samstarfsfólki á skrifstofu embættisins: „Ef það vill svo til að sex einstaklingar bætist við í íbúafjölda Akraness í nótt þá verða íbúarnir orðnir 8.000 á morgun (ekki mjög sennilegt, en hver veit?) ... væru forsetahjónin þá til í að heilsa upp á nýjasta Akranesbúann sem hluta af heimsókn sinni á heilsugæsluna?“ Svona er krafturinn mikill á þessum slóðum! Það er allt að gerast! Bjartsýnin alveg á fullu!

Góðir áheyrendur: Akranes á líka traustan sess í íslenskri menningu, í afþreyingu og íþróttum. Sjálfur hef ég haldið á sundmót barna hér og ófáa knattspyrnuleiki, í sól og blíðu en líka í kulda og trekki. Í meistaraflokkum Skagamanna í þeirri íþrótt hafa skipst á skin og skúrir eins og gengur en gullaldarliðið fyrsta vann sig inn í hug og hjórtu fjölmargra landsmanna, ekki síst utan höfuðborgarinnar. Akranes varð lið landsbyggðarinnar.

Hér get ég að sjálfsögðu Ríkharðs Jónssonar, fyrirliðans frækna sem fór fyrir Skagamönnum og landsliði Íslands. Úr heimi bóka nefni ég Braga Þórðarson og má ekki segja að Hallbjörg Bjarnadóttir hafi verið fyrsta söngstjarna Skagamanna? Svona mætti áfram telja – minna á Sigurjón og Karl Sighvatssyni, Dúmbó og Steina, Orra Harðarson og Andreu Gylfadóttur, Sigurbjörgu Þrastardóttur og Evu Björgu Ægisdóttur og fleiri og fleiri. Hér getur fólk sér ekki aðeins góðan orðstír fyrir að sparka í bolta.

Kæru Skagamenn! Í öflugu samfélagi veitum við fólki tækifæri til að sýna sjálfu sér og öðrum hvað í því býr, öllum til heilla. Svo hjálpum við þeim sem eru hjálpar þurfi. Hér er framtíðin björt ef rétt er á málum haldið.

Ég ítreka þakkir okkar hjóna fyrir þá velvild sem við höfum notið í heimsókn okkar. Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.